

Ed.

176. Framvarp

til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Húsmæðraskóla skal stofna á Hallormsstað (Ormsstöðum), þegar skilyrði þau eru fengin, sem í 6. gr. getur. Skal hann veita konum þá fræðslu, sem húsmæðrum er nauðsynleg. Kúabú skal rekið í sambandi við skólann.

2. gr.

Skólahús skal úr steinsteypu gert eða öðru haldgóðu efni, og rúmi það kenslustofur fyrir 40 nemendur og að minsta kosti 30 heimavistir, auk íbúðar fyrir forstöðukonu og þjónustufólk, eldhús, þvottarúm og geymslu.

Nauðsynleg útihús teljast einnig til stofnunarinnar.

3. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er ráðherra skipar eftir tillögum sýslunefnda Múlasýslna. Ræður hún aðstoðarkennara með samþykki skólanefndar, sem sýslunefndirnar velja til þriggja ára í senn. Forstöðukona hefir að launum 2000 krónur á ári.

4. gr.

Kenna skal: Matreiðslu, og sje einkum lögð áhersla á matreiðslu úr innlendum efnum. Framreiðslu matar og drykkjar. Ræstun og þvott. Vefnað, saum, þrjón og hirðing fata. Íslepsku. Búreikning. Efnafræði, einkum um efnasambönd fæðunnar. Heilsufræði og algeng hjúkrunarstörf. Meginatriði uppeldisfræðinnar. Söng og leikfimi.

Nánari ákvæði um námsgreinar og tilhögun skólans setur ráðherra með reglugerð.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram $\frac{2}{3}$ stofnkostnaðar, gegn $\frac{1}{3}$ annarsstaðar að. Rekstur skólans og skólabús annast ríkissjóður að öðru leyti.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar hlutaðeigandi hjeruð eru viðbúin að leggja fram sinn hluta stofnkostnaðar.

Greinargerð.

Lengi hefir verið að því nnið anstanlands að koma þar upp kvenna-skóla, og hefir í því skyni verið safnað nokkurri fjárupphæð. Ýmsar tillögur um skóla-setur og tilhögun skólans hafa komið fram, en engin fengið neina festu fyrr en nú á síðasta ári. Hefir búnaðarsamband Austurlands og kvenfjelög þar eystra leitað hófanna um þetta, og er álit þeirra eindregið í þá átt að koma upp húsmæðraskóla, og virðist öllum koma saman um, að hann sje best settur á Hallormsstað. Leitað hefir verið álit skógarvarðar um þetta, og hefir hann fallist á að sleppa ábúðarnotum af skógarhjáleigunni Ormsstöðum með túni hennar og nauðsynlegri hagbeit, ef þetta yrði notað í þarfir húsmæðraskólans.

Undanfarið hefir lítill visir húsmæðraskóla verið haldinn í Mjóanesi, litlu neðar með Leginum, af frú Sigrúnu Blöndal, og hefir starf hennar í þá átt glætt áhugann á skólastofnuninni, enda má telja vist, að hún fremur flestum öðrum konum væri sjálfkjörin til að taka að sjer stjórn húsmæðraskólans, ef til kemur.